

Hverfisráð Hríseyjar

115. fundur

Fimmtudaginn, 15. mars 2018, kl 14:00 var haldinn 115. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Pétur Ásgeir Steinþórsson og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Lokun sundlaugar um páskana

Mikil óánægja er með opnunartíma sundlaugar um páska. Sundlaugin hefur verið opin annan á páskum síðan 2011. Hverfisráð fer fram að þessari opnun verði haldið áfram. Hverfisráð bendir á að þessi skerðing passi ekki við stefnu Hríseyjar í byggðarþróunarverkefninu Brothættar Byggðir, þar sem reynt er að efla samfélagið og þjónustuna í eyjunni.

2. Innsent bréf umhverfis- og mannvirkjasviðs

Hverfisráð staðfestir móttöku bréfs frá umhverfis- og mannvirkjasviði (2010020035/01-902-H). Meðlimir hverfisráðs óska eftir að Hrísey verði sett framarlega í forgangsröðun vegna eyðingu lúpínu og kerfils. Það þarf að slá á réttum tíma og að minnsta kosti tvísvar á ári.

3. Önnur mál

Pétur Ásgeir Steinþórsson segist vera óánægður með vinnubrögð innan hverfisráðs, að varamenn fengi hvorki fundargerðir né fundarboð send og að nefndarmenn vissu ekki hver ferilinn varðandi fundarboð væri.

Á 113. fundi var rædd áframhaldandi afnot af svæði í Saltnesi í Hrísey til vélhjólasporsíðkunar, og gáfu viðstaddir meðlimir hverfisráðs (Pétur Ásgeir Steinþórsson, Friðrik Úlfar Ingimarsson og Claudia Werdecker) jákvæða umsögn. Á 114. fundi gagnrýnir formaður hverfisráðs hvernig boðað var til 113. fundar og að málið var rætt án þess að hann væri viðstaddur.

Bendir Pétur Ásgeir Steinþórsson á að greinilega væri mikil óánægja meðal nefndarmanna, sérstaklega hvað umsögnina vegna akstursbrautarinnar á 113. fundi varðar. Hann nefnir að formaður boðaði ekki til fundar, þó að bréf frá skipulagssviði (2013090248/09-201) hefði borist Hermanní Jóni Erlingssyni, umsækjanda um áframhaldandi afnot, um miðjan janúar, og í því bréfi óskað eftir umsögn hverfisráðs. Þar að auki gagnrýnir hann vinnubrögð formanns varðandi málið, og sérstaklega að málið varðandi akstursbrautina var aftur sett á dagskrá 114. fundar, þó umsögn hefði verið gefin á 113. fundi og formaður, sem sat ekki 113. fund, hefði fengið tækifæri til að senda umsögn í eigin nafni.

Formaður ítrekar að hann sé ekki vanhæfur, þótt kona hans eigi eitthvað í æðarvarpi á svæðinu. Hann hefði viljað sitja fundinn og víkja svo. Auk þess bendir formaður á að hverfisráð gaf umsögn um tillögu að aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 á 108. fundi, en þá lagði hverfisráð til að svæðið vestan við kirkjugarðinn yrði notað sem efnistöku- og efnislosunarsvæði. Formaður nefnir að það sé undarlegt að hverfisráð kom með þá tillögu á sínum tíma, og núna sé snúið við. Varðandi það afhverju það var ekki boðað til fundar fyrr, þá segist formaður hafa verið að bíða eftir bréfi frá Akureyrarbæ og því ekki getað boðað til fundar. Segist formaður ekki vera á móti vélhjólaspórtiðkun í Hrísey, heldur hafa verið dæmdur strax af ákveðnum íbúum eyjarinnar að vera á móti vélhjólaspórtiðkun.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 14:55.

Þorgeir Jónsson
Pétur Ásgeir Steinþórsson
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker